

24. apríl 2016

Gunnar Einarsson

Bæjarstjóri Garðabæjar

Bréf þetta varðar þjónustu sem við undirrituð höfum fengið þegar við höfum sótt um leikskólapláss í Garðabæ.

Viljum við leggja fram formlega kvörtun á því að dóttir okkar, Margrét Ólavía, fær ekki leikskólapláss fyrr en 5. september nk, það veldur því að það eru 9 vikur frá því að dagamma hennar, Hafðís Jakobsdóttir, fer í sumarfrí þangað til hún getur byrjað í aðlögun á leiksskólanum Bæjarbóli.

Almennt þá hefur gengið brösulega að fá leikskólapláss hjá bænum. Við fluttum "heim" í Garðabæ í desember 2013, sóttum um leikskólapláss fyrir drenginn okkar þegar lá fyrir að við værum að flytja í bæinn. Drengurinn okkar, fæddur í maí 2011 fékk svo loksins pláss í júní 2014 eða um 6 mánuðum eftir að við fluttum í Garðabæ. Þegar dóttir okkar fæðist í janúar 2015 er sótt um ungarnaleiksskóla fyrir hana þegar hún er nokkura klukkutíma gömul. Hún fékk ekki inn á ungarnaleiksskóla en við vorum heppinn, fengum aðstoð hjá fjölskyldu í 2 mánuði og komumst svo inn um áramót hjá yndislegri dagmömmu. Dagmóðirin fer í frí 1. júlí ár hvert og tekur inn ný börn þegar hún kemur aftur til vinnu um miðjan ágúst. Starfsumhverfið hjá dagmæðrum í Garðabæ er þannig að haustin eru í óvissu þar sem ungarnaleiksskólarnir taka inn á þeim tíma og því erfiðara að fá börn á haustin, af þeim ástæðum og að börnin stoppa alltaf mjög stutt eftir sumarfrí vill hún síður taka við börnunum aftur eftir sumarfrí.

Okkur þykir algjörlega óásættanlegt að dóttir okkar fær ekki að byrja fyrr í aðlögun á leiksskólanum Bæjarbóli. Að setja foreldra í þá stöðu að það séu 9 vikur þar sem barnið fær enga dagvistun og hreykja sig svo á því að öll börn 12 mánaða og eldri komast inn á leiksskóla í bænum. Þessar vikur valda okkur óvissu því við eigum ekki sumarfrí í svo langan tíma og skólar verða byrjaðir þannig erfitt er að fá einhvern til að passa fyrir sig. Við höfum rætt við leikskólastjóra og leiksskólafulltrúa Garðabæjar eina lausnin sem hefur komið er að dagmóðirin taki barnið aftur í ágúst í 3 vikur og fær undanþágu þess eðlis að hún fær að hafa 1 aukabarn þessar vikur. Okkur finnst sú lausn bæði slæmi fyrir dagmóðurina, barnið og okkur foreldrana. Aðlögunartími hjá dagmóðurinni er mikill álagstími, barnið verður búið í löngu frí og álag að fara til baka og svo stuttu seinna tekin þaðan og sett í aðlögun á leiksskóla. Fyrir okkur foreldrana er óskiljanlegt afhverju leikskólinn getur ekki tekið við barninu nokkrum vikum fyrr víst að dagmóðurin getur fengið þessa undanþágu. Ef við horfum einnig til þess að dagamma er ein með fimm börn en t.d. er einn kennari á ungarnaleiksskóla með fjögur börn og þar að auki er matráður og á leiksskólanum eru 3-4 kennarar á deildinni ásamt allri þjónustu, eftir að hafa skoðað þessar staðreyndir þá erum við sannfærð um að til sé betri lausn.

Í lokin langar okkur að minnast á það, að þegar við fluttum til Garðabæjar þá vorum við afar ánægð að vera komin í bæjarfélag þar sem hagstætt væri að vera með börn. Við bjuggum áður í Reykjavík, því miður hefur þróunin verið mjög slæm fyrir okkur. Gjöld fyrir daggæslu hafa verulegað hækkað síðustu ár á meðan önnur bæjarfélög hafa lækkað, þetta þykir okkur afar sorgleg þróun og vildum við óska þess að Garðabær setti sér það markmið að vera samkeppnishæfur bær fyrir barnafjölskyldur því hér er gott að búa.

Kær kveðja,

Þórhildur Edda Gunnarsdóttir, s: 856 6454

Arnór Ólafsson, s: 897 4789

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026